



Ísafjarðarbær
Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaeisraduneyti.is

Reykjavík 28. janúar 2019

Tilv.: FOR19010258/6.13

Efni: Sveitarfélög og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru einróma samþykkt af aðildarrikjum Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Með aðild sinni hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til þess að vinna að markmiðunum fram til ársins 2030, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Með þessu bréfi langar mig að hvetja sveitarfélög til kynna sér heimsmarkmiðin. Þau geta verið mikilvægur leiðarvísir fyrir stefnumótun sveitarfélaga en mörg þeirra hafa beina skírskotun til nærsamfélagsins, hvort sem við tölum um menntun fyrir alla, hreint vatn eða sjálfbæra orku. Ellefta markmiðið snýr beint að starfsemi sveitarfélaga en þar er talað um sjálfbærar borgir og samfélög. Með því að nýta heimsmarkmiðin sem leiðarljós stefnumótun og innleiða þau geta sveitarfélög lagt grunn að bæði eigin árangri og landsins í heild.

Ríkisstjórnin skipaði fyrir tæpum tveimur árum verkefnastjórm um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Verkefnastjórnin vann stöðuskýrslu um stöðu Íslands gagnvart markmiðunum og tillögu að forgangsmarkmiðum stjórnvalda. Nálgast má gögn og annan fróðleik á vef verkefnastjórnarinnar (heimsmarkmidin.is).

Þegar fjölgæð var í verkefnastjórninni í fyrra eignaðist Samband íslenskra sveitarfélaga fulltrúa í stjórninni. Sambandið mun í samstarfi við verkefnastjórnina skapa vettvang fyrir sveitarfélög til kynningar og fræðslu um markmiðin og innleiðingu þeirra.

Fyrsta kynning á sveitarfélögum og heimsmarkmiðunum fer fram á Grand hótelri í Reykjavík, 15. febrúar nk. Sveitarfélög sem eru þegar farin af stað segja frá vinnu sínum og fjallað verður um tengingar ýmissa samstarfsverkefna á sveitarstjórnarstigi við markmiðin. Vonast ég til að sjá fulltrúa sem flestra sveitarfélaga eiga samtal um heimsmarkmiðin á þessum áhugaverða kynningarfundum. Nánari upplýsingar um fundinn verða sendar út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ég vona að þitt sveitarfélag muni taka fullan þátt í að innleiða heimsmarkmiðin og sjái sér hag í að nýta þann leiðarvísir sem þau fela í sér. Saman getum við nýtt leiðarljós heimsmarkmiðanna til að skapa betra líf og umhverfi fyrir okkur öll.

Sjáumst þann 15. febrúar!

Katrín Jakobsdóttir